

REGLUGERÐ

um gangstéttargjöld á Sauðárkróki.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn lætur leggja steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafn vandaðar gangstéttir, skal kostnaður við lagningu þeirra greiddur úr bæjarsjóði, en bæjarsjóður síðan innheimta sérstakt gangstéttargjald hjá eigendum þeirra fasteigna er að götu liggja eða til hennar teljast.

Gangstéttargjald þetta skal innheimt um leið og varanlegt slit lag úr malbiki, olíumöl, steinsteypu eða öðrum hliðstæðum efnum er lagt á götu þar sem gangstétt hefur verið lögð, annars vegar eða beggja vegna götu.

2. gr.

Upphæð gangstéttargjalds samkvæmt 1. grein skal vera 0.5% af fasteignamatsverði lóða og húsa, sem að götu liggja eða til hennar teljast og sem grunngjald miðað við byggingavísitölu 1. jan. 1972, kr. 300.00 fyrir hvern lengdarmetra, sem eigandi fasteignar á meðfram götu.

Gjald þetta skal lagt á þær fasteignir, sem fasteignaskattur er greiddur af skv. lögum.

3. gr.

Þar sem fasteign liggur að fleiri götum en einni og ekki er samtímis lagt slitlag á þær götur, skal gangstéttargjald það, er reiknast af fasteignamati, gjaldfalla þegar fyrst er lagt varanlegt slitlag á götu, sem að eigninni liggur, en síðan aðeins greitt gjald fyrir lengdarmetra meðfram götu.

Nú er byggt nýtt hús við götu, þar sem gangstétt og varanlegt slitlag hefur verið lagt og skal þá greiða gangstéttargjald af fasteignamati hins nýja húss, þegar virðing hefur farið fram, eða af hækkun mats, sé um viðbyggingu að ræða.

4. gr.

Af fasteign, sem telst til götu, án þess að liggja að henni, greiðist gjald samkvæmt fasteignamati, þegar slitlag er lagt á viðkomandi götu, en ekki metragjald.

5. gr.

Þar sem fleiri en einn eigandi eru að fasteign greiðist gangstéttargjald í hlutfalli við eignarhlut hvers eiganda í fasteigninni.

6. gr.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarsjóður öðlast á hendur eigendum húsa og lóða samkvæmt reglugerð þessari, hefur bæjarsjóður lögveð í húsinu eða lóðinni og gengur sá veðréttur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 18 18. maí 1920, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.